

Nd.

670. Frumvarp til laga

[408. mál]

um breytingu á mörkum Garðabæjar og Kópavogs.

Flm.: Ólafur G. Einarsson, Gunnar G. Schram, Kjartan Jóhannsson, Geir Gunnarsson, Guðmundur Einarsson, Kristín Halldórsdóttir.

1. gr.

Mörk Garðabæjar og Kópavogskaupstaðar skulu breytast þannig að þau ákvarðist framvegis af eftirtöldum línunum og bogum milli markapunkta með hnitum í hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951.

Punktur nr.:	X-hnit:	Y-hnit:	P:
1 í Kópavoginum	22 000,00	13 540,00	1
2 sunnan Kópavogsbrúar	20 900,00	13 250,00	2
3 —	21 027,00	13 158,00	3
4 við Hafnarfjarðarveg	21 100,00	13 060,00	4
5 —	21 060,00	13 020,00	5
6 —	20 897,51	13 013,49	6
7 —	20 750,00	13 050,00	7
8 —	20 796,00	12 932,00	8
9 —	20 880,42	12 731,71	9
10 —	20 433,25	12 571,57	10
11 —	20 238,22	12 451,73	11
12 við Reykjanesbraut	20 102,78	12 386,66	12
13 —	20 113,58	12 354,27	13
14 —	19 776,47	12 317,32	14
15 —	19 681,07	12 331,04	15
16 krómstálbolti í 200 mm steyptum sökkli	19 265,44	12 231,34	16
17 krómstálbolti í 600 mm steyptum sökkli	19 315,74	11 972,63	17
18 krómstálbolti í 200 mm steyptum sökkli	18 925,10	11 725,20	18
19 Smalaholt — þríhyrningspunktur 1023	18 637,17	11 296,15	19
20 krómstálbolti í 600 mm steyptum sökkli	17 372,84	11 089,35	20
21 Arnarstapi — koparbolti í klöpp	17 152,36	8 938,40	21

Vestan við punkt 1 eru mörkin bein lína með hnit Y=13 540,00. Mörkin eru beinar línur eða hringbogar milli ofangreindra punkta og eru miðjur hringboganna ýmist til hægri eða vinstri, miðað við að horft sé frá punkti með lægra númeri að punkti með hærra númeri, frá punkti n að punkti n+1, þannig:

Milli punkta	1 og 2	Bein lína, lengd 1137,58 m.
—	—	2 og 3 Hringbogi með radíus 200 m og miðju til hægri.
—	—	3 og 4 Hringbogi með radíus 100 m og miðju til vinstri.
—	—	4 og 5 Bein lína, lengd 56,57 m.
—	—	5 og 6 Hringbogi með radíus 250 m og miðju til vinstri.
—	—	6 og 7 Bein lína, lengd 151,96 m.
—	—	7 og 8 Hringbogi með radíus 200 m og miðju til hægri.
—	—	8 og 9 Hringbogi með radíus 400 m og miðju til vinstri.
—	—	9 og 10 Hringbogi með radíus 1155 m og miðju til hægri.
—	—	10 og 11 Bein lína, lengd 228,91.
—	—	11 og 12 Hringbogi með radíus 730 m og miðju til vinstri.
—	—	12 og 13 Bein lína, lengd 34,14 m.
—	—	13 og 14 Hringbogi með radíus 680 m og miðju til vinstri.
—	—	14 og 15 Bein lína, lengd 96,38 m.
—	—	15 og 16 Hringbogi með radíus 585 m og miðju til hægri.
—	—	16 og 17 Bein lína, lengd 263,55 m.
—	—	17 og 18 Bein lína, lengd 462,41 m.
—	—	18 og 19 Bein lína, lengd 516,71 m.
—	—	19 og 20 Bein lína, lengd 1281,13 m.
—	—	20 og 21 Bein lína, lengd 2162,12 m.

2. gr.

Nú kemur í ljós við nánari hönnun vegakerfis að ráðlegt þykir að víkja frá þeim mörkum sem um ræðir í 1. gr. milli punkta nr. 2 og 16 að báðum meðtöldum og er þá heimilt að gera það með reglugerð sem félagsmálaráðuneytið setur samkvæmt sameiginlegri tillögu bæjarstjórna Kópavogs og Garðabæjar, sbr. fskj. I með samningi þessara bæjarstjórna, dags. 18. maí 1983.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni bæjarstjórna Garðabæjar og Kópavogs í samráði við dómsmálaráðuneytið.

Hinn 18. maí 1983 var gerður svofelldur samningur milli bæjarstjórnanna:

Bæjarstjórn Garðabæjar og bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar gera með sér eftirfarandi samning um breytingu á mörkum kaupstaðanna (sveitarstjórnar- og lögsagnarumdæma) og önnur atriði er leiða af slíkri breytingu.

1. gr.

Aðilar hafa, fyrir sitt leyti, náð samkomulagi um að mörk kaupstaðanna skuli hér eftir vera þau sem tilgreind eru á meðfylgjandi uppdrætti, dags. 3. mars 1983, sem er hluti samnings þessa og fskj. nr. 1 með samningum. Aðilar skulu nú þegar hlutast til um að lagasetning um slíka breytingu á mörkum kaupstaðanna fari fram hið allra fyrsta.

Arnarnesvegur er frá gatnamótum Bæjarbrautar að Reykjanesbraut í lögsagnarumdæmi Garðabæjar. Austan Reykjanesbrautar er hann í lögsagnarumdæmi Kópavogs.

Í framhaldi af samningi þessum munu aðilar hlutast til um að hin nýju mörk skuli skilgreind skv. hnitakerfi Landmælinga Íslands og færð á uppdrátt.

2. gr.

Kópavogskaupstaður afsalar Garðabæ með gerð samnings þessa því eignarlandi Kópavogskaupstaðar úr Fifuhvamms- og Smárahvammslöndum sem eru sunnan hinnar nýju markalínu, sbr. fskj. nr. 1.

Garðabær mun virða allan rétt einstaklinga og stofnana á landsvæðum þeim úr Kópavogi er sunnan markanna verða og eru forsvarsmönnum Garðabæjar kunnar kvaðir og réttindi er á landinu hvíla sem eru eftirfarandi:

- a. Leiguréttur Hraðbrautar hf. (áður Olíumalar hf.) samkvæmt yfirlýsingu, dags. 21. apríl 1978, sem er fskj. nr. 2 með samningnum.
- b. Æfingavöllur Hestamannafélagsins Gusts, sbr. samþykkt bæjarráðs Kópavogs á fskj. nr. 3.
- c. Eignarland Pósts og síma við mörk Vífilsstaða- og Fifuhvammslands að svo miklu leyti sem það land verður sunnan nýrra marka.
- d. Landsvæði úr jörðinni Smárahvammi en u. þ. b. 10 ha eru í einkaeign.

Garðabær afsalar sér, fyrir sitt leyti, öllum hugsanlegum réttindum, er hann kann að eiga að landsvæðum sem eru norðan markalínunnar samkvæmt samningi þessum, öðrum en þeim sem áskilin eru hér. Enn fremur liggja fyrir sem fskj. nr. 4 yfirlýsing eigenda jarðarinnar Vífilsstaða að þeir geri eigi tilkall til eignarréttar á neinum landsvæðum norðan markalínunnar né heldur kröfur um fébætur hverju nafni er nefnast kunna vegna landspilda Kópavogs megin hinnar nýju markalínu.

Kópavogskaupstað er kunnugt um að u. þ. b. 22 ha landspilda úr landi Arnarness, merkt A á fskj. 1 norðan markalínunnar, er í einkaeign.

3. gr.

Aðilar eru sammála um að lega Arnarnesvegur skuli vera sú sem tilgreind er á meðfylgjandi uppdraetti, dags. 3. mars 1983, sem er fskj. nr. 1 með samningi þessum. Munu aðilar í sameiningu hlutast til um að afla samþykkis annarra stjórnvalda fyrir breytingu þessari enda er staðfesting þessarar legu vegarins og flokkun hans sem stofnbrautar forsenda samnings þessa.

Aðilar lýsa yfir gagnkvæmum vilja sínum til samvinnu um veitustarfsemi (holræsi og vatnsveitu) á þeim svæðum sem aðstæður gera það edlilegt. Jafnframt er því lýst yfir að nýting lands úr Arnarneslandi til byggðar sé háð viðunandi lausn á holræsamálum svæðisins.

4. gr.

Um deiliskipulag jaðarsvæða skulu aðilar hafa náð samráð. Enn fremur undirgangast aðilar eftirgreindar skuldbindingar um gagnkvæma tilhögun skipulags:

Kópavogskaupstaður mun skipuleggja íbúðarhúsabyggð með tilheyrandi þjónustustofnunum á landspildu þeirri úr Arnarneslandi er nú verður norðan nýju markalínunnar.

Garðabær mun skipuleggja hábungu Hnoðraholtis sem útivistarsvæði og friðlýsa Hnoðra og Klapparhól norðan hans. Að öðru leyti mun Garðabær skipuleggja vestur- og norðurhlíð Hnoðraholtis sem einbýlishúsabyggð og/eða raðhúsabyggð.

5. gr.

Ákvæði um göngu-, reið- og ökuleiðir.

Garðabær mun í skipulagi gera ráð fyrir reiðleið frá Reykjanesbraut sunnan Arnarnesvegur austur fyrir Hnoðraholt. Aðilar munu í skipulagi gera ráð fyrir gönguleið meðfram Hafnarjarðarvegi.

Ágreiningsmál vegna samnings þessa skulu rekin fyrir bæjarþingi Reykjavíkur nema um annað sé samið milli aðila.

Samninganefndir kaupstaðanna undirrita samning þennan með fyrirvara um staðfest-

ingu bæjarstjórna Garðabæjar og Kópavogs. Enn fremur er gildistaka samningsins háð því að skilyrðum í eftirtöldum greinum samningsins sé fullnægt.

- a. Í 1. gr. Lagasetning um breytt lögsagnarumdæmismörk.
- b. Í 2. gr. Yfirlýsing eigenda jarðarinnar Vífilsstaða liggja fyrir um að þeir geri ekki tilkall til landsvæða norðan markalínunnar.
- c. Í 3. gr. Samþykki Vegagerðar ríkisins og skipulagsstjórnar ríkisins liggja fyrir um breytta legu Arnarnesvegur og flokkun hans sem stofnbrautar.

Samninganefndirnar munu sameiginlega vinna að því að framangreindum skilyrðum verði fullnægt hið fyrsta.

Garðabæ, 18. maí 1983.

F. h. samninganefndar Kópavogs

Björn Ólafsson (sign.),
Kristján Guðmundsson (sign.),
Richard Björgvinsson (sign.).

F. h. samninganefndar Garðabæjar

Sigurður Sigurjónsson (sign.),
Einar Geir Þorsteinsson (sign.),
Árni Ól. Lárusson (sign.).

Samningur þessi var sendur til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í maí 1983 til umfjöllunar vegna ákvæða í 2. gr. um að fyrir lægi yfirlýsing eigenda jarðarinnar Vífilsstaða um að þeir geri ekki tilkall til landsvæða norðan hinnar umsömdu markalínu. Frá heilbrigðismálaráðuneytinu var samningurinn sendur til landbúnaðarráðuneytisins og hefur nú verið undirritað svohljóðandi skjal:

Yfirlýsing.

Landbúnaðarráðherra f. h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra f. h. ríkisspítalanna lýsa því hér með yfir að þeir sem eigendur og umráðamenn jarðarinnar Vífilsstaða í Garðabæ samþykkja eftirfarandi í tilefni af samningi bæjarstjórna Garðabæjar og Kópavogskaupstaðar um breytingu á mörkum kaupstaðanna, dags. 18. maí 1983:

1. Að landamerki milli jarðanna Vífilsstaða, Garðabæ, og Fífuhvamms, Kópavogi, séu lína sem dregin er milli eftirfarandi hnita í hnitakerfi Reykjavíkur og mörkuð er á uppdrátt gerðan af bæjarverkfræðingum í Kópavogi 3. mars 1983 og aukinn 9. nóv. 1984 og áritaður er sem fskj. nr. 1 með samningi, dags. 18. maí 1983, milli bæjarstjórna Garðabæjar og Kópavogskaupstaðar um breytingu á mörkum kaupstaðanna.

Markapunktur með bráðabirgðahnitum í m eru:

1. Y=11 972,63
X=19 315,74
2. Y=11 725,20
X=18 925,10
3. Y=11 400,5
X=18 707,2

Framangreind hnit ákvarðast endanlega og nákvæmar þegar skipulagningu á svæðinu og hönnun vega er lokið og varanlegum hnitapunktum hefur verið komið fyrir. Skal fulltrúa Vífilsstaða gefinn kostur á að fylgjast með endanlegri staðsetningu hnitapunkta.

2. Eigendur Vífilsstaða gera eigi tilkall til eignarréttar á hugsanlegu landi Vífilsstaða skv. dómsátt eigenda jarðanna Vífilsstaða og Fífuhvamms 1. júní 1923 norðan markalínu skv. 1. tölulið þessa samkomulags né heldur kröfur um fébætur vegna lands Kópavogs megin hinnar nýju markalínu.

3. Landamerkjalinna skv. 1. tölulið þessarar yfirlýsingar skal koma í stað landamerkja jarðanna Vífilsstaða og Fífuhvams á því svæði skv. dómsátt eigenda þessara jarða frá 1. júní 1923 en að öðru leyti gilda mörk þau er greinir í sáttinni.
4. Yfirlýsing þessi er háð því skilyrði að eigendur Fífuhvams nú eða síðar geri ekki tilkall til eignarréttar á landi sunnan markalínu skv. 1. tölulið þessa samkomulags né heldur kröfur um fébætur vegna lands Vífilsstaða megin hinnar nýju markalínu.
5. Yfirlýsing þessi er gefin með þeim fyrirvara að bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar samþykki og áriti yfirlýsingu þessa um að hún muni láta Vegagerð ríkisins í té bótalaust og án annarra kvaða en leiðir af lögum nauðsynlegt land skv. staðfestu skipulagi undir vegarstæði fyrir Arnarnesveg og Reykjanesbraut úr eignarlandi Kópavogskaupstaðar, þ. m. t. því landi sem Kópavogur kann að hafa fengið frá Vífilsstöðum skv. þessari yfirlýsingu. Sama gildir um jarðefni sem Vegagerð ríkisins kann að taka úr umræddu landi til þessarar vegagerðar og tímabundin afnot af landi vegna vegagerðarinnar.
6. Yfirlýsing þessi er og gefin með þeim fyrirvara að bæjarstjórn Kópavogs samþykki og áriti yfirlýsingu þessa um að greiðsla sú, sem Póstur og sími mun hafa lagt inn á bankareikning sem geymslufé (depositum) árið 1946 eða 1947, þá að upphæð gamlar kr. 44 000, vegna bóta fyrir eignarnumið land úr jörðunum Vífilsstöðum og Fífuhvammi, skuli vera eign eigenda Vífilsstaða ef gögn vegna umræddrar greiðslu finnast.

Til staðfestingar framanrituðu er yfirlýsing þessi undirrituð og gerð í 5 samhljóða eintökum og þar af skal eitt eintakið ritað á löggiltan skjalapappír til þinglýsingar. Samhlíða þessari yfirlýsingu hafa undirritaðir ráðherrar og aðrir sem árita yfirlýsingu þessa áritað tvö eintök af uppdrætti þeim sem vísað er til í 1. tölulið og skal hann fylgja yfirlýsingu þessari og vera hluti af henni.

Reykjavík, 10. jan. 1985.

Landbúnaðarráðherra,
f. h. jarðadeildar
landbúnaðarráðuneytis.

Jón Helgason.
(sign.)

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra,
f. h. ríkisspítala v/Vífilsstaða.

Matthías Bjarnason.
(sign.)

Fyrir hönd bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar er því hér með lýst yfir að bæjarstjórn samþykkir efni 1., 3., 4., 5. og 6. töluliðar ofangreindrar yfirlýsingar eigenda og umráðamanna Vífilsstaða fyrir sitt leyti, sbr. meðfylgjandi fskj.

Reykjavík, 15. jan. 1985.

Kristján Guðmundsson.
(sign.)

Fyrir hönd bæjarstjórnar Garðabæjar er því hér með lýst yfir að bæjarstjórnin er samþykk ofanskráðri yfirlýsingu eigenda og umráðamanna Vífilsstaða um landamerki jarðarinnar og Fífuhvams í Kópavogi og jafnframt samþykkir bæjarstjórnin að landamerki milli Vífilsstaða og þess lands, sem Garðabær hefur eignast frá Kópavogskaupstað í Hnoðraholti, skuli vera bein lína dregin úr Hnoðra í hnit Y=11 972,63; X=19 315,74 skv. 1. tölulið ofanskráðrar yfirlýsingar. Kemur þessi merkjalýsing í stað merkjalýsingar í sátt eigenda Vífilsstaða og Fífuhvams frá 1. júní 1923 á umræddu svæði. Þau merki, sem hér er

lýst, eru sýnd á uppdrætti sem vísað er til í 1. tl. ofanskráðrar yfirlýsingar og áritar fulltrúi Garðabæjar uppdráttinn vegna þeirra landamerkinga sem hér er lýst.

Reykjavík, 15. jan. 1985.
F. h. bæjarstjórnar Garðabæjar.
Jón Gauti
(sign.)

Samþykktum sem eigendur og umráðamenn Vífilsstaða ofangreind landamerki á milli Vífilsstaða og eignarlands Garðabæjar í Hnoðraholti.

Reykjavík, 10. jan. 1985.

Landbúnaðarráðherra, f. h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytis.	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, f. h. ríkisspítala v/Vífilsstaða.
Jón Helgason. (sign.)	Matthías Bjarnason. (sign.)

Fylgiskjal með yfirlýsingu.

Bæjarstjórnin í Kópavogi fyrir hönd bæjarstjórnar Kópavogs lýsir því hér með yfir að samþykkt á 1., 3., 4. og 5. tölulið yfirlýsingar eigenda og umráðamanna Vífilsstaða, dags. 10. jan. 1985, er bundin því skilyrði að eigendur og umráðamenn Vífilsstaða fallist á skilning bæjarstjórnar á eftirtöldum vafaatriðum í fyrrnefndri yfirlýsingu:

Varðandi 1. og 2. tölulið.

Þar sem lýst er yfir í 2. lið að eigendur Vífilsstaða geri eigi tilkall til eignarréttar Vífilsstaða á landi norðan markalínu samkvæmt 1. tölulið yfirlýsingarinnar sé ekki aðeins átt við land norðan línu um punktana 1, 2 og 3 í 1. lið og þar með eingöngu land vestan línu sem dregin er réttvísandi í norður úr punkti 3 með X-hnit 18 709,72 heldur allt það land sem hugsanlega gæti verið eign Vífilsstaða samkvæmt dómsátt frá 1. júní 1923 norðan þeirrar markalínu sem sýnd er á uppdrætti gerðum af bæjarverkfræðingi Kópavogs, dags. 3. mars 1983, eins og raunar er gerð tillaga um í niðurstöðum á bls. 7 í minnisblaði, dags. 5. nóvember 1984, til landbúnaðarráðherra frá Tryggva Gunnarssyni lögfræðingi og ráðherra leggur til í bréfi, dags. 12. des. 1984, til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins að samþykkt verði. Mörk þeirra landa, þar sem aðilar munu gagnkvæmt ekki gera tilkall til eignarréttar, sbr. einnig 4. lið, yrðu þar með hin sömu og umsamin bæjamörk, þ. e. lína um punktana 1, 2 og 3, sbr. 1. lið, í þríhyrningsstöpul á Smalaholti og þaðan að landamörkum Vatnsenda austanvert í Rjúpnadalshlíð í steiptan jarðfastan stöpul með krómstálbolta og hnit X=17 372,84 og Y=11 089,35 í hnitakerfi Reykjavíkur.

Varðandi 3. tölulið.

Þar sem sagt er í síðustu málsgrein „en að öðru leyti gilda mörk þau er greinir í sáttinni“ þá eigi það aðeins við þann hluta markalínunnar úr Hnoðra í Vaðið á Arnarneslæk sem nú eru mörk Vífilsstaða annars vegar og Smárahvamms og Fífuhvamms hins vegar enda eru eldri mörk austan Hnoðraholtis úr gildi fallin við samþykkt hinna nýju marka samkvæmt 1. tölulið.

Varðandi 4. tölulið.

Bæjarstjórn Kópavogs fellst á þennan lið og samþykkir jafnframt að með markalínu samkv. 1. tölulið sé átt við markalínuna allt austur að landamörkum Vatnsenda, sbr. það sem sagt er um liði 1 og 2 hér að framan. Bæjarstjórnin mun þar með ekki gera tilkall til þess lands að stærð 12,3 ha sem deilt hefur verið um og samkvæmt landamerkjalyðingu þinglesinni 6. júní 1891 væri eignarland Fífuhvamms suðaustan þess lands sem afsalað var hinn 4. febr. 1947 til Landssíma Íslands með eignarnámi úr löndum Fífuhvamms og Vífilsstaða.

Varðandi 5. tölulið.

Þar sem sagt er í síðustu málsgrein „úr umræddu landi“ þá sé aðeins átt við það land í eigu Kópavogskaupstaðar sem fellur undir vegarstæði Reykjanesbrautar og Arnarnesvegar, þ. e. 60 m breiða spildu 30 m til hvorrar hliðar frá miðlínu veganna. Gildir það jafnt um núverandi eignarland og það land sem Kópavogskaupstaður kynni að hafa fengið frá Vífilsstöðum samkvæmt samkomulagi þessu.


Bæjarstjórn Kópavogs bendir á að þar sem á fyrrnefndum uppdrátti, dags. 3. mars 1983, stendur: „Hnit ákvarðast endanlega og nákvæmar þegar skipulagningu og hönnun vega er lokið og væntanlegum hnitapunktum hefur verið komið fyrir“ á þetta aðeins við um markapunkta með hnitum uppgefnum í heilum metrum. Markapunktarnir nr. 1 og 2 í 1. tölulið eru krómstálboltar í steinsteypum jarðföstum stöplum með nákvæmlega innmældum hnitum sem innfærð eru á fyrrnefndan uppdrátt hinn 9. nóv. 1984 og uppgefin í sentímetrum og eru því ekki bráðabirgðahnit. Hnit á markapunkti 3 hafa verið mæld nákvæmlega og reyndust vera: X=18 709,72; Y=11 404,26.

Kópavogi, 15. janúar 1985.
F. h. bæjarstjórnar Kópavogs,
Kristján Guðmundsson (sign.),
bæjarstjóri.

Séð og ekki gerðar athugasemdir 15. jan. 1985.
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu,
Jón Ingimarsson
(sign.)

Viðbót: Punktarnir 1 og 2 eru hinir sömu og punktar 17 og 18 í frumvarpi þessu.

Unnið er nú að gerð aðalskipulags beggja bæjarfélaganna Kópavogs og Garðabæjar en því verður ekki endanlega lokið nema mörk séu ótvíræð. Því ber brýna nauðsyn til að frumvarp þetta fái skjóta afgreiðslu enda er lagasetning um breytt lögsagnarumdæmamörk skilyrði fyrir gildistöku samnings milli sveitarfélaganna dags. 18. maí 1983, sbr. 1. grein.



Garðabær - Kópavogur :
Ný lögsagnarumdæmismörk
1:25000